<b>4502</b>	<b>4502.0000 Náttúrlegur korkur, birktur eða gróflega tilhöggvinn, eða í rétthyrndum (þar með talið ferningslaga) blokkum, plötum, þynnum eða ræmum (þar með talið tilsniðið efni í tappa eða lok) .....</b>	0	
<b>4503</b>	<b>Vörur úr náttúrlegum korki:</b>		
	4503.1000 – Tappar og lok .....	0	
	– Aðrar:		
	4503.9001 – Netja- og nótakorkur .....	0	
	4503.9002 – Björgunar- og slysavarnaáhöld .....	0	
	4503.9009 – Annars .....	0	
<b>4504</b>	<b>Mótaður korkur (með eða án bindiefna) og vörur úr mótuðum korki:</b>		
	– Blokkir, plötur, þynnur og ræmur; flísar að hvaða lögun sem er; gegnheilir sívalningar, þar með taldir diskar:		
	4504.1001 – Þéttingar og þess háttar vörur .....	0	
	4504.1002 – Klæðning á gólf eða veggj .....	0	
	4504.1003 – Korkvörur til skógerðar, ót.a. ....	0	
	4504.1004 – Þynnur í flöskuhettur .....	0	
	4504.1005 – Einangrunarefni .....	0	
	4504.1006 – Vörur sem almennt eru notaðar í vélbúnaði eða verksmiðjum .....	0	
	4504.1009 – Annað .....	0	
	– Annað:		
	4504.9001 – Stengur, prófilar, pípur o.þ.h., ót.a. ....	0	
	4504.9002 – Þéttingar .....	0	
	4504.9003 – Einangrunarefni .....	0	
	4504.9004 – Vörur sem almennt eru notaðar í vélbúnaði eða verksmiðjum .....	0	
	4504.9009 – Annars .....	0	

**46. KAFLI**  
**Framleiðsla úr strái, úr espartó eða öðrum fléttiefnum;**  
**körfugerðarvörur og tágasmíði**

**Athugasemdir:**

1. Sem **fléttiefni** í þessum kafla telst efni í ástandi eða mynd sem hentar til að flétta, bregða eða áþekkrar vinnslu. Til þeirra telst strá, viðja eða tágur, bambus, spanskreyr, sef, reyr, viðarræmur, ræmur úr öðrum jurtaefnum (t.d. barkarræmur, mjó lauf og raffia eða aðrar ræmur unnar úr breiðu laufi), óspunnar náttúrlegar spunatrefjar, einþáttungar og ræmur og þess háttar úr plasti og ræmur úr pappír, en ekki ræmur úr leðri eða samsettu leðri eða flóka eða vefleysum, mannhár, hrosshár, spunaþráður eða spunagarn, eða einþáttungar og ræmur og þess háttar í 54. kafla.
2. Til þessa kafla telst ekki:
  - a. Veggklæðning í nr. 4814.
  - b. Seglgarn, snæri, reipi eða kaðlar, einnig fléttað (nr. 5607).
  - c. Skófatnaður eða höfuðfatnaður eða hlutar til hans í 64. eða 65. kafla.
  - d. Ökutæki eða yfirbyggingar fyrir ökutæki úr körfugerðarvörum (87. kafla).
  - e. Vörur í 94. kafla (t.d. húsgögn, lampar og ljósabúnaður).
3. Sem **fléttiefni, fléttur og áþekk framleiðsla úr fléttiefnum, bundnum saman í samhliða þætti** í nr. 4601 telst fléttiefni, fléttur og áþekk framleiðsla úr fléttiefnum, lögð hlið við hlið og bundin saman, í plötum, einnig þótt bindiefnin séu úr spunnu spunaefni.

		A	E
		%	%
<b>4601</b>	<b>Fléttur og áþekk framleiðsla úr fléttiefnum, einnig sett saman í ræmur; fléttiefni, fléttur og áþekk framleiðsla úr fléttiefnum, bundin saman í samhliða þætti eða ofin, í plötum, einnig sem fullgerðar vörur (t.d. mottur, ábreiður, skermar):</b>		
	– Mottur, ábreiður og skermar úr jurtaefnum:		
4601.2100	-- Úr bambus .....	0	
4601.2200	-- Úr spanskreyr .....	0	
4601.2900	-- Annað .....	0	
	– Annað:		
4601.9200	-- Úr bambus .....	0	
4601.9300	-- Úr spanskreyr .....	0	
4601.9400	-- Úr öðrum jurtaefnum .....	0	
4601.9900	-- Annars .....	0	
<b>4602</b>	<b>Körfugerðarvörur, tágasmíði og aðrar vörur, unnið beint í endanlega lögum úr fléttiefnum eða gerðar úr vörum í nr. 4601; vörur úr lúffu (loofah):</b>		
	– Úr jurtaefnum:		
	-- Úr bambus:		
4602.1101	--- Varningur til flutnings eða pökkunar á vörum .....	0	
4602.1102	--- Handföng og höldur úr jurtaefnum .....	0	
4602.1109	--- Annað .....	0	
	-- Úr spanskreyr:		
4602.1201	--- Varningur til flutnings eða pökkunar á vörum .....	0	
4602.1202	--- Handföng og höldur úr jurtaefnum .....	0	
4602.1209	--- Annað .....	0	
	-- Annað:		
4602.1901	--- Varningur til flutnings eða pökkunar á vörum .....	0	
4602.1902	--- Handföng og höldur úr jurtaefnum .....	0	
4602.1909	--- Annað .....	0	
	– Annað:		

---

	A	E
	%	%
4602.9001 -- Varningur til flutnings eða þökkunar á vörum .....	0	
4602.9002 -- Handföng og höldur, ót.a. ....	0	
4602.9009 -- Annað .....	0	

## FLOKKUR X

**Deig úr viði eða öðru trefjakenndu sellulósaeefni; endurheimtur pappír eða pappi (úrgangur og rusl); pappír og pappi og vörur úr honum**

### 47. KAFLI

**Deig úr viði eða öðru trefjakenndu sellulósaeefni; endurheimtur pappír og pappi (úrgangur og rusl)**

**Athugasemd:**

Sem **kemískt viðardeig, í upplausnarstigum** í nr. 4702 telst kemískt viðardeig sem hefur miðað við þyngd óuppleysanlegan þátt sem er 92% eða meira að því er varðar sóta eða súlfatviðardeig eða 88% eða meira að því er varðar súlfítviðardeig eftir eina klukkustund í vítissótaupplausn sem inniheldur 18% natríumhydroxíð (NaOH) við 20 °C, og að því er varðar súlfítviðardeig öskuinnihald sem ekki fer yfir 0,15% miðað við þyngd.

			A	E
			%	%
<b>4701</b>	4701.0000	<b>Vélunnið viðardeig</b> .....	0	
<b>4702</b>	4702.0000	<b>Kemískt viðardeig, í upplausnarstigum</b> .....	0	
<b>4703</b>		<b>Kemískt viðardeig, sóta eða súlfat, þó ekki í upplausnarstigum:</b>		
		– Óbleikt:		
	4703.1100	-- Úr barrviði .....	0	
	4703.1900	-- Úr öðrum viði .....	0	
		– Hálfbleikt eða bleikt:		
	4703.2100	-- Úr barrviði .....	0	
	4703.2900	-- Úr öðrum viði .....	0	
<b>4704</b>		<b>Kemískt viðardeig, súlfít, þó ekki í upplausnarstigum:</b>		
		– Óbleikt:		
	4704.1100	-- Úr barrviði .....	0	
	4704.1900	-- Úr öðrum viði .....	0	
		– Hálfbleikt eða bleikt:		
	4704.2100	-- Úr barrviði .....	0	
	4704.2900	-- Úr öðrum viði .....	0	
<b>4705</b>	4705.0000	<b>Viðardeig fengið með blöndu af vélrænum og kemískum framleiðsluáðferðum</b> .....	0	
<b>4706</b>		<b>Deig úr trefjum unnum úr endurheimtum pappír eða pappi (úrgangi og rusli) eða úr öðrum trefjakenndum sellulósaeefnum:</b>		
	4706.1000	– Deig úr baðmullardún .....	0	
	4706.2000	– Deig úr trefjum unnum úr endurheimtum pappír eða pappi (úrgangi og rusli) .....	0	
	4706.3000	– Annað, úr bambus .....	0	
		– Annað:		
	4706.9100	-- Vélunnið .....	0	
	4706.9200	-- Kemískt .....	0	
	4706.9300	-- Framleitt með vélrænum og kemískum aðferðum .....	0	
<b>4707</b>		<b>Endurheimtur pappír eða pappi (úrgangur og rusl):</b>		
	4707.1000	– Óbleiktur kraftpappír eða kraftpappi eða bylgjupappír eða bylgjupappi .....	0	
	4707.2000	– Annar pappír eða pappi sem aðallega er gerður úr bleiktu kemísku deigi, ekki gegnlituðu .....	0	

---

	A	E
	%	%
4707.3000 – Pappír eða pappi sem aðallega er gerður úr kemísku deigi (t.d. fréttablöð, dagblöð og áþekkar prentvörur) ...	0	
4707.9000 – Annað, þar með talið óflokkaður úrgangur og rusl .....	0	

## 48. KAFLI

### Pappír og pappi; vörur úr pappírsdeigi, pappír eða pappa

#### Athugasemdir:

1. Leiði ekki annað af orðalagi er með orðinu pappír í þessum kafla einnig átt við pappa (án tillits til þykktar eða þyngdar á m<sup>2</sup>).
2. Til þessa kafla telst ekki:
  - a. Vörur í 30. kafla.
  - b. Prentþynnur í nr. 3212.
  - c. Impappír eða pappír gegndreyptur eða húðaður með snyrtivörum (33. kafli).
  - d. Pappír eða sellulósavatt gegndreypt, húðað eða hjúpað sápu eða hreinsiefni (nr. 3401), eða fægiefnum, áburði eða áþekkri framleiðslu (nr. 3405).
  - e. Ljósæmur pappír eða pappi í nr. 3701-3704.
  - f. Pappír gegndreyptur með prófefnum til greininga eða fyrir rannsóknastofur (nr. 3822).
  - g. Pappírsstyrktar, lagfelldar þynnur úr plasti, eða eitt lag af pappír eða pappa húðað eða hjúpað með lagi úr plasti, enda sé síðarnefnda lagið meira en helmingur heildarþykktarinnar, eða vörur úr slíkum efnum, þó ekki veggfóður í nr. 4814 (39. kafli).
  - h. Vörur í nr. 4202 (t.d. ferðabúnaður).
  - ij. Vörur í 46. kafla (framleiðsla úr fléttiefnum).
  - k. Pappírgarn eða spunavörur úr pappírgarni (flokkur XI).
  - l. Vörur í 64. eða 65. kafla.
  - m. Slípipappír eða slípipappi (nr. 6805) eða gljástainsflögur á pappírs- eða papaundirlagi (nr. 6814) (pappír og pappi húðaður gljástainsdufti flokkast þó í þennan kafla).
  - n. Málmþynnur á pappírs- eða pappaundirlagi (venjulega flokkur XIV eða XV).
  - o. Vörur í nr. 9209.
  - p. Vörur í 95. kafla (t.d. leikföng, leikspil, íþróttabúnaður).
  - q. Vörur í 96. kafla (t.d. hnappar, dömubindi og tíðatappar, bleiur og bleiufóður fyrir börn).
3. Leiði ekki annað af 7. athugasemd taka nr. 4801-4805 til pappírs og pappa sem við vinnslu hefur verið sléttaður, gljásléttaður, gljáprensaður eða þess háttar, búinn óekta vatnsmerki eða þakinn límvatni á yfirborði, og einnig til pappírs, pappa, sellulósavatts og vefs úr sellulósatrefjum sem er litað eða marmararákað í gegn með hvers konar aðferð. Þessir vörulíðir taka ekki til pappírs, pappa, sellulósavatts eða vefs úr sellulósatrefjum sem hefur verið unnið á annan hátt, nema annað leiði af nr. 4803.
4. Sem **dagblaðpappír** í þessum kafla telst óhúðaður pappír sem notaður er til dagblaða-prentunar og í er ekki minna en 50% af viðartrefjum, miðað við þyngd trefjainnihaldsins í heild, unninn með vélrænum eða kemísk-vélrænum hætti, ólitaður eða mjög lítið litaður, með yfirborðsáferð af grófleika Parker Print Surf (1 MPa) á hvorri hlið meira en 2,5 míkrometrar (míkron), vegur ekki minna en 40 g/m<sup>2</sup> og ekki meira en 65 g/m<sup>2</sup>, [og gildir aðeins um pappír: (a) í ræmum eða rúllum yfir 28 cm að breidd, eða (b) í réttlyrindum örkum (einnig ferningslaga) með einni hlið yfir 28 cm og annarri yfir 15 cm ósamanbrotnum]<sup>1</sup>.
5. Sem **pappír og pappi**, notaður til að skrifa á, prenta á eða til annarra grafískra nota og **gataspjaldaefni og gataræmupappír** í nr. 4802 telst pappír og pappi sem aðallega er gerður úr bleiktu degi eða deigi sem búíð er til á vélrænan eða kemískt-vélrænan hátt og uppfyllir einhver neðangreindra skilyrða:

Að því er varðar pappír eða pappa sem ekki er meira en 150 g/m<sup>2</sup> að þyngd:

  - a. Inniheldur 10% eða meira af trefjum sem gerðar eru með vélrænum eða kemískt vélrænum hætti, og
    1. vegur ekki meira en 80 g/m<sup>2</sup>, eða
    2. er gegnlitaður.
  - b. Inniheldur meira en 8% af ösku, og
    1. vegur ekki meira en 80 g/m<sup>2</sup>, eða
    2. er gegnlitaður.

<sup>1</sup> Sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 123/2016 (A-deild Stjórnartíðinda, gildistöku dagur 1. janúar 2017)



- c. Inniheldur meira en 3% af ösku og hefur 60% skærleika eða meira.
- d. Inniheldur meira en 3% en ekki yfir 8% af ösku og er með minna en 60% skærleika, og rifstuðul sem er jafn eða minni en 2,5 kPa m<sup>2</sup>/g.
- e. Inniheldur 3% eða minna af ösku og hefur 60% skærleika eða meira og rifstuðul sem er jafn eða minni en 2,5 kPa m<sup>2</sup>/g.

Að því er varðar pappír eða pappa sem er meira en 150 g/m<sup>2</sup> að þyngd:

- a. Er gegnlitaður, eða
- b. er með 60 % skærleika eða meira, og
  - 1. er 225 míkrometrar (míkron) eða minna að þykkt, eða
  - 2. er meira en 225 míkrometrar (míkron) að þykkt en ekki meira en 508 míkrometrar (míkron) og með meira en 3% öskuinnihald.
- c. er með minna en 60% skærleika, er 254 míkrometrar (míkron) eða minna að þykkt og með meira en 8% öskuinnihald.

Til nr. 4802 telst þó ekki síupappír eða -pappi (þ.m.t. tepokapappír) eða filtpappír eða -pappi.

- 6. Sem **kraftpappír og kraftpappi** í þessum kafla telst pappír og pappi sem í eru ekki minna miðað við þyngd en 80% af trefjum sem fengnar eru með kemískri vinnslu súlfats eða sóta miðað við trefjainnihald í heild.
- 7. Leiði ekki annað af orðalagi vöruliða flokkast pappír, pappi, sellulósavatt og vefir úr sellulósatrefjum sem svara til vörulýsingar í tveimur eða fleiri af nr. 4801-4811 í þann vörulið sem síðastur er í töluröð í tollskránni.
- 8. Til nr. [...] <sup>1</sup> 4803-4809 telst aðeins pappír, pappi, sellulósavatt og vefir úr sellulósatrefjum:
  - a. Í ræmum eða rúllum yfir 36 cm að breidd.
  - b. Í réttthyrdum örkum (einnig ferningslaga) með einni hlið yfir 36 cm og annarri yfir 15 cm ósamanbrotnum.
- 9. Sem **veggfóður og áþekk veggklæðning** í nr. 4814 telst einungis:
  - a. Pappír í rúllum, að minnsta kosti 45 cm að breidd en ekki yfir 160 cm, hæfur til vegg- eða lofskreytinga, og er:
    - 1. æðóttur, upphleyptur, yfirborðslitaður, mynsturprentaður eða yfirborðsskreyttur á annan hátt (t.d. með spunafloka), einnig húðaður eða hjúpaður glæru plasti til hlífðar;
    - 2. með ójöfnu yfirborði sem stafar af ísettum ögnum úr viði, stráum o.s.frv.;
    - 3. húðaður eða hjúpaður á framhlið með plasti, plastlagið æðótt, upphleypt, litað, mynsturprentað eða skreytt á annan hátt; eða
    - 4. hjúpaður á framhlið með fléttiefnum, einnig sett saman úr samsíða þáttum eða ofinn.
  - b. Bryddingar og skrautræmur, úr pappír, unnar eins og lýst er hér að framan, einnig í rúllum, til vegg- eða lofskreytinga.
  - c. Veggklæðning úr pappír gerð úr nokkrum reitum, í rúllum eða örkum, prentuð þannig að útbúa má sviðsmynd, mynstur eða mótíf þegar hún er sett á vegg. Vörur á undirlagi úr pappír eða pappa, nothæfar bæði sem gólf- og veggklæðning, skulu flokkaðar í nr. 4823.
- 10. Til nr. 4820 telst ekki arkir eða spjöld í lausu, tilskorið, einnig áprentað, upphleypt eða gatað.
- 11. Til nr. 4823 telst m.a. götuð pappírs- eða pappaspjöld í Jaquardvélar eða áþekkar vélar og pappírsblúndur.
- 12. Pappír, pappi, sellulósavatt og vörur úr þeim, með áprentuðum mótífum, táknum eða myndrænni framsetningu, sem ekki er hreint aukaatriði með tilliti til meginnotkunar varanna, falla undir 49. kafla, nema vörur í nr. 4814 eða 4821.

#### Athugasemdir við undirlíði:

- 1. Sem **kraftpappír** í nr. 4804.11 og 4804.19 telst pappír eða pappi sem fengið hefur glans- eða gljááferð í vélum, sem í er ekki minna miðað við þyngd en 80% af trefjum, sem fengnar eru með kemískri vinnslu súlfats eða sóta, miðað við trefjainnihald í heild, í rúllum, meira en 115 g/m<sup>2</sup> að þyngd og lágmarks Mullen-rifstuðul eins og um ræðir í eftirfarandi töflu eða línulega innreiknað eða framreiknað jafngildi annarrar þyngdar:

<sup>1</sup> Sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 123/2016 (A-deild Stjórnartíðinda, gildistökudagur 1. janúar 2017)

Þyngd g/m <sup>2</sup>	Lágmarks Mullen-rifstuðull kPa
115	393
125	417
200	637
300	824
400	961

2. Sem **sekkjakraftpappír** í nr. 4804.21 og 4804.29 telst pappír sem fengið hefur glansáferð í vélum og í er ekki minna miðað við þyngd en 80% af trefjum, sem fengnar eru með kemískri vinnslu súlfats eða sóta, miðað við trefjainnihald í heild, í rúllum, ekki minna en 60 g/m<sup>2</sup> að þyngd en ekki yfir 115 g/m<sup>2</sup> og svarar til annarrar hvorrar neðangreindrar lýsingar:
- Með Mullen-rifstuðul ekki innan við 3,5 kPa. m<sup>2</sup>/g og teygni sem er meiri en 4,5% þversum og meira en 2% langsum.
  - Með lágmarks slit- og þanþol eins og greinir í eftirfarandi töflu eða línulega innreiknað jafngildi annarra þyngda

Þyngd g/m <sup>2</sup>	Lágmarks slitþol mN		Lágmarks þanþol kN/m	
	Langsum	Langsum + Þversum	Þversum	Langsum + Þversum
60	700	1.510	1,9	6
70	830	1.790	2,3	7,2
80	965	2.070	2,8	8,3
100	1.230	2.635	3,7	10,6
115	1.425	3.060	4,4	12,3

- Sem **hálfkemískur bylgjupappír** í nr. 4805.11 telst pappír í rúllum sem í er ekki minna en 65%, miðað við þyngd trefjainnihaldsins í heild, af óbleiktum harðviðartrefjum sem fengnar eru með vélrænni og kemískri deigvinnslu, með CMT 30 brotviðnám (báruð miðilsprófun með 30 mínútna aðlögun) yfir 1,8 njúton/g/m<sup>2</sup> við 50% rakastig og 23 °C.
- Til nr. 4805.12 telst pappír í rúllum, aðallega gerður úr hálmdeigi sem fengið er með vélrænni og kemískri deigvinnslu, sem er að þyngd 130g/m<sup>2</sup> eða meira og með CMT 30 brotviðnám (báruð miðilsprófun með 30 mínútna aðlögun) yfir 1,4 njúton/g/m<sup>2</sup> við 50% rakastig og 23 °C.
- Til nr. 4805.24 og 4805.25 telst pappír og pappi gerður að öllu leyti eða aðallega úr deigi úr endurheimtum pappír eða pappa (úrgangi og rusli). Prófunarpappír (testliner) getur einnig haft yfirborðslag úr lituðum pappír eða úr pappír gerðum úr bleiktu eða óbleiktu óendurunnu deigi. Þessar vörur eru með lágmarks Mullen-rifstuðul 2,5 kPa m<sup>2</sup>/g.
- Sem **súlfitumbúðapappír** í nr. 4805.30 telst pappír sem fengið hefur gljááferð í vélum og í er meira en 40%, miðað við þyngd trefjainnihaldsins í heild, af viðartrefjum sem fengnar eru með kemískri súlfítaðferð, ekki meira en 8% öskuinnihald og Mullen-slitþol ekki minna en 1,47 kPa. m<sup>2</sup>/g.
- Sem **létthúðaður pappír** í nr. 4810.22 telst pappír, húðaður á báðum hliðum, að heildarþyngd ekki yfir 72 g/m<sup>2</sup>, með húð sem að þyngd er ekki yfir 15 g/m<sup>2</sup>, á undirlagi sem í er ekki minna en 50%, miðað við þyngd trefjainnihaldsins í heild, af viðartrefjum sem fengnar eru með vélrænum hætti.

		A	E	
		%	%	
4801	4801.0000	Dagblaðapappír, í rúllum eða örkum.....	0	
4802		<b>Óhúðaður pappír og pappi, notaður til að skrifa á, prenta á eða til annarra grafískra nota, og gata-spjaldaefni og gataræmupappír, í rúllum eða rétt-hyrndum (einnig ferningslaga) örkum, af hvaða stærð sem er, þó ekki pappír í nr. 4801 eða 4803; handgerður pappír og pappi:</b>		
	4802.1000	– Handgerður pappír og pappi .....	0	
	4802.2000	– Pappír og pappi notaður í ljósnæman, hitanæman eða rafnæman pappír eða pappa .....	0	
	4802.4000	– Veggfóðursefni .....	0	
		– Annar pappír og pappi sem ekki eru í trefjar fengnar á vélrænan eða kemískt-vélrænan hátt eða ekki er í meira en 10% miðað við þunga af slíkum trefjum miðað við trefjainnihald í heild:		
	4802.5400	-- Minna en 40 g/m <sup>2</sup> að þyngd .....	0	
	4802.5500	-- 40 g/m <sup>2</sup> að þyngd eða meira, þó ekki meira en 150 g/m <sup>2</sup> , í rúllum .....	0	
	4802.5600	-- 40 g/m <sup>2</sup> að þyngd eða meira, þó ekki meira en 150 g/m <sup>2</sup> , í örkum með einni hlið ekki yfir 435 mm og annarri ekki yfir 297 mm ósamanbrotnum .....	0	
	4802.5700	-- Annar, 40 g/m <sup>2</sup> að þyngd eða meira, þó ekki meira en 150g/m <sup>2</sup> . .....	0	
	4802.5800	-- Að þyngd meira en 150 g/m <sup>2</sup> .....	0	
		– Annar pappír og pappi sem í er, miðað við trefjainnihald í heild, meira en 10 % miðað við þunga af trefjum fengnum á vélrænan eða kemískt-vélrænan hátt:		
	4802.6100	-- Í rúllum .....	0	
	4802.6200	-- Í örkum með einni hlið ekki yfir 435 mm og annarri ekki yfir 297 mm ósamanbrotnum .....	0	
	4802.6900	-- Annars .....	0	
4803	4803.0000	<b>Hreinlætis- eða andlitsþurrkuefni, handþurrku- eða bleiuefni og áþekkur pappír til heimilis- eða hreinlætisnota, sellulósavatt og vefir úr sellulosatrefjum, einnig krepað, fellt, upphleypt, gatað, yfirborðslitað, yfirborðsskreytt eða áprentað, í rúllum eða örkum .....</b>	0	
4804		<b>Óhúðaður kraftpappír og kraftpappi, í rúllum eða örkum, þó ekki vörur í nr. 4802 eða 4803:</b>		
		– Kraftpappír (kraftliner):		
	4804.1100	-- Óbleiktur .....	0	
	4804.1900	-- Annar .....	0	
		– Sekkjakraftpappír:		
	4804.2100	-- Óbleiktur .....	0	
	4804.2900	-- Annar .....	0	
		– Annar kraftpappír og kraftpappi 150 g/m <sup>2</sup> að þyngd eða minna:		
	4804.3100	-- Óbleiktur .....	0	
	4804.3900	-- Annars .....	0	
		– Annar kraftpappír og kraftpappi meira en 150 g/m <sup>2</sup> að þyngd en minna en 225 g/m <sup>2</sup> :		
	4804.4100	-- Óbleiktur .....	0	
	4804.4200	-- Jafnbleiktur í gegn og í er meira en 95% af viðartrefjum fengnum með kemískri aðferð miðað við þyngd trefjainnihaldsins í heild .....	0	

	A	E
	%	%
4804.4900 -- Annars .....	0	
– Annar kraftpappír og kraftpappi meira en 225 g/m <sup>2</sup> að þyngd:		
4804.5100 -- Óbleiktur .....	0	
4804.5200 -- Jafnbleiktur í gegn og í er meira en 95% af viðar-trefjum fengnum með kemískri aðferð miðað við þyngd trefjainnihaldsins í heild .....	0	
4804.5900 -- Annars .....	0	
<b>4805</b>		
<b>Annar óhúðaður pappír og pappi, í rúllum eða örkum, ekki frekar unnið en tilgreint er í 3. athugasemd við þennan kafla:</b>		
– Bylgjupappír:		
4805.1100 -- Hálfkemískur bylgjupappír .....	0	
4805.1200 -- Bylgjupappír unninn úr hálmi .....	0	
4805.1900 -- Annar .....	0	
– Prófunarpappír (endurunnin prófunarspjöld):		
4805.2400 -- 150 g/m <sup>2</sup> að þyngd eða minna .....	0	
4805.2500 -- Að þyngd meira en 150 g/m <sup>2</sup> .....	0	
4805.3000 – Súlfitumbúðapappír .....	0	
4805.4000 – Síupappír og síupappi .....	0	
4805.5000 – Filtappír og filtappi .....	0	
– Annar:		
4805.9100 -- 150 g/m <sup>2</sup> að þyngd eða minna .....	0	
4805.9200 -- Að þyngd meira en 150 g/m <sup>2</sup> , en undir 225 g/m <sup>2</sup> .....	0	
4805.9300 -- Að þyngd 225 g/m <sup>2</sup> eða meira .....	0	
<b>4806</b>		
<b>Jurtapergament, feitiheldur pappír, afritunarpappír (tracing papers) og vatnsheldur pappír og annar gljáður, gagnsær eða hálf gagnsær pappír í rúllum eða örkum:</b>		
4806.1000 – Jurtapergament .....	0	
4806.2000 – Feitiheldur pappír .....	0	
4806.3000 – Afritunarpappír .....	0	
4806.4000 – Vatnsheldur pappír og annar gljáður, gagnsær eða hálf gagnsær pappír .....	0	
<b>4807</b>		
4807.0000 <b>Samsettur pappír og pappi (gerður með því að festa slétt lög úr pappír eða pappa saman með lími), ekki yfirborðshúðaður eða gegndreyptur, einnig með innri styrkingu, í rúllum eða örkum .....</b>	0	
<b>4808</b>		
<b>Pappír og pappi, bylgjaður (einnig með álímdri slétttri yfirborðsörk), krepður, felldur, upphleyptur eða gataður, í rúllum eða örkum, þó ekki vörur þeirrar gerðar sem lýst er í nr. 4803:</b>		
4808.1000 – Bylgjaður pappír og pappi, einnig gataður .....	0	
4808.4000 – Kraftpappír, krepður eða felldur einnig upphleyptur eða gataður .....	0	
4808.9000 – Annar .....	0	
<b>4809</b>		
<b>Kalkipappír, sjálfafritunarpappír og annar afritunar- eða færípappír (þar með talinn húðaður eða gegndreyptur pappír í fjölrítunarstensla eða offsetprentplötur), einnig prentaður, í rúllum eða örkum:</b>		
4809.2000 – Sjálfafritunarpappír .....	0	
4809.9000 – Annar .....	0	
<b>4810</b>		
<b>Pappír og pappi, húðaður á annarri eða báðum hliðum með kaólíni (Kínaleir) eða öðru ólífrænu efni, með</b>		

	A	E
	%	%
<b>eða án bindiefnis, og með engri annarri húð, einnig yfirborðslitaður, yfirborðsskreyttur eða áprentaður, í rúllum eða rétthyrndum (einnig ferningslaga) örkum, af hvaða stærð sem er:</b>		
– Pappír og pappi til að skrifa á, prenta á eða til annarra grafískra nota sem ekki eru í trefjar fengnar með vélrænum eða kemískt-vélrænum aðferðum eða í er ekki meira en 10% af slíkum trefjum miðað við þyngd trefjainnihaldsins í heild:		
4810.1300	-- Í rúllum .....	0
4810.1400	-- Í örkum með einni hlið ekki yfir 435 mm og annarri ekki yfir 297 mm ósamanbrotnum .....	0
4810.1900	-- Annar .....	0
– Pappír og pappi notaður til að skrifa á, prenta á eða til annarra grafískra nota sem í er meira en 10% af trefjum, fengnum með vélrænum eða kemískt vélrænum aðferðum, miðað við þyngd trefjainnihaldsins í heild:		
4810.2200	-- Léttur húðaður pappír .....	0
4810.2900	-- Annar .....	0
– Kraftpappír og kraftpappi, þó ekki til að skrifa á, prenta á eða til annarra grafískra nota:		
4810.3100	-- Jafnbleiktur í gegn og í er meira en 95% af viðartrefjum fengnum með kemískum aðferðum, miðað við þyngd trefjainnihaldsins í heild og 150 g/m <sup>2</sup> eða minna að þyngd .....	0
4810.3200	-- Jafnbleiktur í gegn og í er meira en 95% af viðartrefjum fengnum með kemískum aðferðum, miðað við þyngd trefjainnihaldsins í heild og meira en 150 g/m <sup>2</sup> að þyngd .....	0
4810.3900	-- Annar .....	0
– Annar pappír og pappi:		
4810.9200	-- Marglaga .....	0
4810.9900	-- Annars .....	0
<b>4811</b>	<b>Pappír, pappi, sellulósavatt og vefir úr sellulósatrefjum, húðað, gegndreypt, hjúpað, yfirborðslitað, yfirborðsskreytt eða áprentað, í rúllum eða rétthyrndum (einnig ferningslaga) örkum, af hvaða stærð sem er, þó ekki vörur þeirrar gerðar sem lýst er í nr. 4803, 4809 eða 4810:</b>	
– Tjöru-, bítúmen- eða asfaltborinn pappír og pappi:		
4811.1001	-- Gólfklæðning á undirlagi úr pappír eða pappa .....	0
4811.1009	-- Annar .....	0
– Gúmmí- eða límborinn pappír og pappi:		
4811.4100	-- Sjálflímandi .....	0
4811.4900	-- Annar .....	0
– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður plasti (þó ekki lími):		
-- Bleiktur, meira en 150 g/m <sup>2</sup> að þyngd:		
4811.5101	---- Áprentaður til nota sem samsettar pappambúðir fyrir drykkjarvörur .....	0
4811.5102	---- Gólfklæðning á undirlagi úr pappír eða pappa .....	0
4811.5109	---- Annars .....	0
-- Annar:		
4811.5901	---- Áprentaður til nota sem samsettar pappambúðir fyrir drykkjarvörur .....	0
4811.5902	---- Gólfklæðning á undirlagi úr pappír eða pappa .....	0

	A	E
	%	%
4811.5909 --- Annars .....	0	
– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður vaxi, parafínvaxi, steríni, olíu eða glýseróli:		
4811.6001 -- Áprentaður til nota sem samsettar pappambúðir fyrir drykkjarvörur .....	0	
4811.6002 -- Gólfklæðning á undirlagi úr pappír eða pappa .....	0	
4811.6009 -- Annars .....	0	
– Annar pappír, pappi, sellulósavatt og vefir úr sellulósatrefjum:		
4811.9001 -- Gólfklæðning á undirlagi úr pappír eða pappa .....	0	
4811.9009 -- Annars .....	0	
<b>4812</b> 4812.0000 <b>Súblökkir, síustykki og síuplötur úr pappírsdeigi .....</b>	0	
<b>4813</b> <b>Vindlingapappír, einnig skorinn í stærðir eða sem hefti eða hólkar:</b>		
4813.1000 – Sem hefti eða hólkar .....	0	
4813.2000 – Í rúllum ekki yfir 5 cm að breidd .....	0	
4813.9000 – Annar .....	0	
<b>4814</b> <b>Veggfóður og áþekk veggklæðning; gluggaglærur úr pappír:</b>		
– Veggfóður og áþekk veggklæðning, úr pappír húðuðum eða hjúpuðum á framhlið með æðóttu, upphleyptu, lituðu eða mynsturprentuðu plastlagi, eða skreyttu á annan hátt:		
4814.2001 -- Húðað eða hjúpað með plasti, 60 til 160 cm á breidd..	0	
4814.2009 -- Annað .....	0	
– Annað:		
4814.9001 -- Upphleypt veggfóður, ekki áprentað eða skreytt, 60 til 160 cm á breidd .....	0	
4814.9002 -- Veggfóður gegndreypt plasti, 60 til 160 cm á breidd ..	0	
4814.9003 -- Ísettur pappír (ingrain paper) .....	0	
4814.9009 -- Annars .....	0	
<b>[4815]<sup>1</sup></b>		
<b>4816</b> <b>Kalkipappír, sjálfafritunarpappír og annar afritunarpappír eða færípappír (þó ekki vörur í nr. 4809), fjölrítunarstenslar og offsetprentplötur, úr pappír, einnig í öskjum:</b>		
– Sjálfafritunarpappír:		
4816.2001 -- Óáprentaður .....	0	
4816.2009 -- Annar .....	0	
4816.9000 -- Annað .....	0	
<b>4817</b> <b>Umslög, bréfkort, póstkort án mynda og skrifkort, úr pappír eða pappa; öskjur, pokar, veski og skrifmöppur, úr pappír eða pappa, sem innihalda ýmiss konar bréfsefni:</b>		
– Umslög:		
4817.1001 -- Óáprentuð .....	0	
4817.1009 -- Önnur .....	0	
4817.2000 – Bréfkort, póstkort án mynda og skrifkort .....	0	
4817.3000 – Öskjur, pokar, veski og skrifmöppur, úr pappír eða pappa, sem innihalda ýmiss konar bréfsefni .....	0	
<b>4818</b> <b>Salernispappír og áþekkur pappír, sellulósavatt og vefir úr sellulósatrefjum til heimilis- eða hreinlætis-</b>		

<sup>1</sup> Ekki notað að sinni

	A	E
	%	%
<b>nota, í rúllum ekki yfir 36 cm að breidd, eða skorið í stærðir eða lögun; vasaklútar, hreinsklútar, handþurrkur, borðdúkar, servíettur, lök og áþekkur húsbúnaður, hreinlætis- og sjúkavörur, fatnaður og hlutar til hans, úr pappírsdeigi, pappír, sellulósavatti eða vef úr sellulósatrefjum:</b>		
4818.1000 – Salernispappír .....	0	
4818.2000 – Vasaklútar, hreinsi- eða andlitsþurrkur og handþurrkur	0	
4818.3000 – Borðdúkar og servíettur .....	0	
4818.5000 – Fatnaður og hlutar til hans .....	0	
4818.9000 – Annað .....	0	
<b>4819 Öskjur, box, kassar, pokar og önnur ílát til umbúða, úr pappír, pappa, sellulósavatti eða vef úr sellulósatrefjum; spjaldskrárkassar, bréfabakkar og áþekkar vörur, úr pappír eða pappa, sem eru notaðar á skrifstofum, í verslunum o.þ.h.:</b>		
– Öskjur, box og kassar úr bylgjupappír eða bylgjupappa:		
4819.1001 –– Með viðeigandi áletrun til útflutnings .....	0	
4819.1009 –– Annað .....	0	
– Felliöskjur, fellibox og fellikassar, ekki úr bylgjupappír eða bylgjupappa:		
–– Með viðeigandi áletrun til útflutnings:		
4819.2011 ––– Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur .....	0	
4819.2019 ––– Annars .....	0	
–– Annað:		
4819.2091 ––– Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur .....	0	
4819.2099 ––– Annars .....	0	
– Sekkir og pokar með 40 cm breiðum botni eða meira:		
4819.3001 –– Með viðeigandi áletrun til útflutnings .....	0	
4819.3009 –– Aðrir .....	0	
– Aðrir sekkir og pokar, þar með taldar keilur:		
4819.4001 –– Með viðeigandi áletrun til útflutnings .....	0	
4819.4009 –– Annars .....	0	
– Önnur ílát til umbúða, þar með talin plötuumslög:		
4819.5001 –– Með viðeigandi áletrun til útflutnings .....	0	
4819.5002 –– Eggjabakkar .....	0	
4819.5009 –– Annars .....	0	
4819.6000 – Spjaldskrárkassar, bréfabakkar, búðarkassar og áþekkar vörur, sem notaðar eru á skrifstofum, í verslunum o.þ.h.	0	
<b>4820 Skrár, reikningsskilabækur, minnisbækur, pöntunarbækur, kvittanabækur, skrifblokkir, minnisblokkir, dagbækur og áþekkar vörur, stílabækur, ritundirlög, skjalabindi (einnig lausblaða), bréfamöppur, skjalamöppur, marglaga eyðublöð, samstæður með kalkipappír á milli og önnur skrifföng, úr pappír eða pappa; albúm fyrir sýnishorn og söfn og bókaflífar, úr pappír eða pappa:</b>		
– Skrár, reikningsskilabækur, minnisbækur, pöntunar bækur, kvittanabækur, skrifblokkir, minnisblokkir, dagbækur og áþekkar vörur:		
4820.1001 –– Dagbækur með almanaki .....	0	
4820.1009 –– Annað .....	0	
4820.2000 – Stílabækur .....	0	
4820.3000 – Skjalabindi (þó ekki bókaflífar), bréfamöppur og skjalamöppur .....	0	

	A	E
	%	%
4820.4000 – Marglaga eyðublöð og samstæður með kalkipappír á milli .....	0	
4820.5000 – Albúm fyrir sýnishorn eða söfn .....	0	
4820.9000 – Annað .....	0	
<b>4821 Pappírs- eða pappamiðar alls konar, einnig áprentaðir:</b>		
– Áprentaðir:		
4821.1001 – Með viðeigandi áprentun til útflutnings .....	0	
4821.1009 – Aðrir .....	0	
4821.9000 – Aðrir .....	0	
<b>4822 Kefli, spólur, snældur og áþekkar uppistöður úr pappírsdeigi, pappír eða pappa (einnig gatað eða hert):</b>		
4822.1000 – Til að vinda á spunagarn .....	0	
4822.9000 – Annað .....	0	
<b>4823 Annar pappír, pappi, sellulósavatt eða vefur úr sellulósatrefjum, skorið í stærðir eða lögur; aðrar vörur úr pappírsdeigi, pappír, pappa, sellulósavatti eða vef úr sellulósatrefjum:</b>		
4823.2000 – Síupappír og síupappi .....	0	
4823.4000 – Í rúllum, örkum og skífum, áprentað fyrir sjálfrita .....	0	
– Bakkar, diskar, föt, bollar og þess háttar úr pappír eða pappa:		
4823.6100 – Úr bambus .....	0	
4823.6900 – Annars .....	0	
– Mótaðar eða þrykktar vörur úr pappírsdeigi:		
4823.7001 – Pípur og vélaþéttingar, vörur til tækninota og hliðstæðir smáhlutir .....	0	
4823.7009 – Aðrar .....	0	
– Annað:		
4823.9001 – Þéttingar, þéttilistar, skífur o.þ.h. ....	0	
4823.9002 – Plötur, ræmur, stengur, prófflar o.þ.h. ....	0	
4823.9003 – Vörur sem almennt eru notaðar í vélbúnaði eða verksmiðjum .....	0	
4823.9004 – Varningur til flutnings eða umbúða, ót.a. ....	0	
4823.9005 – Til bygginga .....	0	
4823.9006 – Umbúðapappír, prentaður og skorinn í stærðir eða form .....	0	
4823.9007 – Fatasnið .....	0	
4823.9008 – Annar pappír og pappi, til að skrifa á, prenta á eða til annarra grafískra nota .....	0	
4823.9009 – Annars .....	0	



## 49. KAFLI

### Prentaðar bækur, blöð, myndir og aðrar vörur prentaðar; handrit, vélrit og uppdrættir

#### Athugasemdir:

- Til þessa kafla telst ekki:
  - Ljósmyndanegatífur eða -pósítífur á glæru burðarefni (37. kafla).
  - Landakort, uppdrættir eða hnattlíkön, upphleypt, einnig prentað (nr. 9023).
  - Spil eða aðrar vörur í 95. kafla.
  - Frumverk af stungum, þrykki eða steinprenti (nr. 9702), frímerki eða stimpilmerki, póststimpilmerki, fyrstadagsumslög, póstbréfsefni eða þess háttar í nr. 9704, forngripir eldri en eitthundrað ára eða aðrar vörur í 97. kafla.
- Sem **prentaðar** í 49. kafla teljast einnig vörur endurgerðar í fjölritara, gerðar í sjálfvirkri gagnavinnsluvél, með upphleypingu, ljósmyndun, ljósritun, varmaafritun eða vélritun.
- Fréttablöð, dagblöð og tímarit sem heft eru í annað en pappír og samstæður tveggja eða fleiri eintaka fréttablaða, dagblaða eða tímarita sem bundin eru saman í eitt hefti skulu flokkast í nr. 4901, einnig þótt í þeim sé auglýsingaefni.
- Til nr. 4901 telst einnig:
  - Safn eftirprentana, t.d. af listaverkum eða teikningum, með tilheyrandi texta, með tölusettem blaðsíðum sem binda má inn í eitt eða fleiri bindi.
  - Myndaviðaukar sem fylgja bundnum bókum.
  - Prentaðir hlutar bóka eða bæklinga í formi samsettra eða stakra blaða eða arka sem fela í sér heildarverk eða hluta þess og ætlað er til bókbands.

Prentaðar myndir eða skýringarmyndir (illustrations), án texta, í örkum eða stökum blöðum teljast hins vegar til nr. 4911.
- Leiði ekki annað af 3. athugasemd við þennan kafla tekur nr. 4901 ekki til prentaðs máls sem aðallega er gefið út í auglýsingaskyni (t.d. bæklingar, ritlingar, pésar, viðskiptaskrár, árbækur sem gefnar eru út af verslunarsamtökum, ferðaauglýsingar). Þess konar útgáfa skal flokkuð í nr. 4911.
- Sem **myndabækur fyrir börn** í nr. 4903 teljast barnabækur þar sem myndirnar eru aðalatriðið en ekki textinn.

		A	E
		%	%
<b>4901</b>	<b>Prentaðar bækur, bæklingar, pésar og áþekkar prentvörur, einnig einblöðungar:</b>		
	– Stök blöð, einnig brotin:		
4901.1001	-- Á íslensku .....	0	
4901.1009	-- Annað .....	0	
	– Annað:		
	-- Orðabækur og alfræðirit, og framhaldsviðaukar þeirra:		
4901.9101	--- Á íslensku .....	0	
4901.9109	--- Annars .....	0	
	-- Annars:		
4901.9901	--- Á íslensku .....	0	
4901.9909	--- Annað .....	0	
<b>4902</b>	<b>Fréttablöð, dagblöð og tímarit, einnig með myndum eða með auglýsingaefni:</b>		
	– Útgefin a.m.k. fjórum sinnum í viku:		
4902.1001	-- Dagblöð, tímarit og landsmála- og héraðsfréttablöð ...	0	
4902.1009	-- Annars .....	0	
	– Önnur:		
4902.9001	-- Dagblöð, tímarit og landsmála- og héraðsfréttablöð....	0	
4902.9009	-- Annars .....	0	

			A	E
			%	%
4903	4903.0000	Myndabækur, teiknibækur eða litabækur fyrir börn ..	0	
4904	4904.0000	Hljóðfæranótur, prentaðar eða í handriti, einnig innbundnar eða með myndum .....	0	
4905		<b>Landakort, sjókort og hvers kyns þess konar kort, þar með talið kortabækur, veggkort, landslagsuppdrættir og hnattlíkön, prentað:</b>		
	4905.1000	– Hnattlíkön .....	0	
		– Annað:		
		– – Í bókarformi:		
	4905.9101	– – – Kortabækur af Íslandi og landgrunninu .....	0	
	4905.9109	– – – Annað .....	0	
		– – Annars:		
	4905.9901	– – – Landabréf, sjókort og önnur þess konar kort af Íslandi og landgrunninu, einnig veggkort .....	0	
	4905.9909	– – – Annað .....	0	
4906	4906.0000	Uppdrættir og teikningar til notkunar í húsagerð, verkfræði, iðnaði, viðskiptum, landslagsfræði eða þess háttar handgerð frumverk; handskrifaður texti; ljósmyndir á ljósnæmum pappír og kalkipappír safrit af framannefndu .....	0	
4907		<b>Ónotuð frímerki, stimpilmerki eða áþekk merki, sem eru gild eða verða gild í því landi þar sem þau hafa, eða munu hafa, viðurkennt nafnverð; pappír með slíkum merkjum; peningaseðlar; ávísanaeyðublöð; skuldabréf, hlutabréf eða skuldarviðurkenningar og þess konar verðbréf:</b>		
	4907.0001	– Frímerki, ónotuð .....	0	
	4907.0002	– Peningaseðlar .....	0	
	4907.0009	– Annað .....	0	
4908		<b>Færimyndir (decalcomanias):</b>		
	4908.1000	– Færimyndir, hæfar til glerbrennslu .....	0	
	4908.9000	– Aðrar .....	0	
4909		<b>Prentuð eða myndskreytt póstkort; prentuð kort með persónulegum óskum, skilaboðum eða tilkynningu, einnig með myndum, umslögum eða skrauti:</b>		
	4909.0001	– Prentuð eða myndskreytt póstkort .....	0	
	4909.0009	– Annað .....	0	
4910	4910.0000	Almanök alls konar, prentuð, þar með talin dagatöl ....	0	
4911		<b>Aðrar prentvörur, þar með taldar prentaðar myndir og ljósmyndir:</b>		
		– Auglýsingavara, vöruskrár og þess háttar:		
	4911.1001	– – Á íslensku .....	0	
	4911.1009	– – Annað .....	0	
		– Annars:		
		– – Myndir, snið og ljósmyndir:		
	4911.9101	– – – Myndir til notkunar við kennslu; snið .....	0	
	4911.9109	– – – Annað .....	0	
	4911.9900	– – Annað .....	0	

## FLOKKUR XI

### Spunaefni og spunavörur

#### Athugasemdir:

1. Til þessa flokks telst ekki:
  - a. Burstir eða hár af dýrum til burstagerðar (nr. 0502); hrosshár eða hrosshársúrgangur (nr. 0511).
  - b. Mannshár eða vörur úr mannshári (nr. 0501, 6703 eða 6704), þó ekki súdúkur venjulega notaður í olíupressur eða þess háttar (nr. 5911).
  - c. Baðmullardúnn eða önnur efni úr jurtaríkinu í 14. kafla.
  - d. Asbest í nr. 2524 eða vörur úr asbesti eða aðrar vörur í nr. 6812 eða 6813.
  - e. Vörur í nr. 3005 eða 3006; garn til nota við hreinsun milli tanna (tannþráður), í aðgreindum smásöluumbúðum, í nr. 3306.
  - f. Ljósnaem spunaefni í nr. 3701-3704.
  - g. Einþáttungar sem hvarvetna eru meira en 1 mm í þvermál eða ræmur eða þess háttar (t.d. gervistrá) sýnilega meira en 5 mm að breidd, úr plasti (39. kafla), eða fléttur eða dúkur eða aðrar körfugerðarvörur eða tágasmíði úr slíkum einþáttungum eða ræmum (46. kafla).
  - h. Ofinn, þrjónaður eða heklaður dúkur, flóki eða vefleysa, gegndreypt, húðað, hjúpað eða lagskipað með plasti, eða vörur úr slíkum efnum, í 39. kafla.
  - ij. Ofinn, þrjónaður eða heklaður dúkur, flóki eða vefleysur, gegndreypt, húðað, hjúpað eða lagskipað með gúmmí, eða vörur úr slíkum efnum, í 40. kafla.
  - k. Húðir eða skinn með tilheyrandi hári eða ull (41. eða 43. kafla) eða vörur úr loðskinni, loðskinnsgervi eða vörur úr því í nr. 4303 eða 4304.
  - l. Vörur úr spunaefnum í nr. 4201 eða 4202.
  - m. Framleiðsla eða vörur í 48. kafla (t.d. sellulósavatt).
  - n. Skófatnaður eða hlutar til skófatnaðar, ökkla- eða legghlífar eða áþekkar vörur í 64. kafla.
  - o. Hárnét eða annar höfuðfatnaður eða hlutar til hans í 65. kafla.
  - p. Vörur í 67. kafla.
  - q. Spunaefni húðað slípiefni (nr. 6805) og einnig kolefnistrefjar eða vörur úr kolefnistrefjum í nr. 6815.
  - r. Glertréffjar eða vörur úr glertréffjum, þó ekki útsaumur gerður úr glerþráðum á sjáanlegum grunni úr dúk (70. kafla).
  - s. Vörur í 94. kafla (t.d. húsgögn, rekkjubúnaður, lampar og ljósabúnaður).
  - t. Vörur í 95. kafla (t.d. leikföng, leikspil, íþróttabúnaður og net).
  - u. Vörur í 96. kafla (t.d. burstar, saumasett til nota á ferðalögum, rennilásar, ritvélaborðar, dömubindi og tíðatappar, bleiur og bleiufóður fyrir börn).
  - v. Vörur í 97. kafla.
2. A. Vörur sem geta flokkast í 50.-55. kafla eða í nr. 5809 eða 5902 og eru úr tveimur eða fleiri spunaefnum skulu flokkast eins og þær væru eingöngu úr því spunaefni sem mest er af í vörunni miðað við þyngd.

Þegar ekki er meira af einu spunaefni en öðru í vöru miðað við þyngd skulu þær flokkaðar eins og þær væru eingöngu úr því spunaefni sem telst til þess vöruliðar sem síðastur er þeirra vöruliða sem að jöfnu koma til álita.
- B. Framangreindri reglu skal beita þannig:
  - a. Garn úr yfirspunnu hrosshári (nr. 5110) og málmgarn (5605) skulu skoðast sem sérstakt spunaefni og þungi þess teljast sem samanlagður þungi efnisþáttanna. Við tollflokkun á ofnum dúk ber að telja málmþráð sem spunaefni.
  - b. Réttur vöruliður skal fundinn með því að ákvarða *fyrst* kaflann og *síðan* viðeigandi vörulið í þeim kafla, án tillits til efna sem ekki flokkast í þann kafla.
  - c. Þegar 54. og 55. kafla tengjast báðir einhverjum öðrum kafla skulu 54. og 55. kafla skoðast sem einn kafla.
  - d. Þegar tilgreind er í kafla eða vöruliði vara úr mismunandi spunaefnum skulu slík efni skoðast sem eitt spunaefni.
- C. Ákvæði í A- og B-liðum hér að ofan taka einnig til garns sem um getur í 3., 4., 5. eða 6. athugasemd hér á eftir.

3. A. Sem **seglgarn, snæri, reipi og kaðlar** í þessum flokki, þó með þeim undantekningum sem greinir í B-lið hér á eftir, telst garn (einþráða, margþráða (snúíð) eða kaðalbrugðið) sem svarar til neðangreindra vörulýsinga:
  - a. Úr silki eða silkiúrgangi og mælist meira en 20.000 decitex.
  - b. Úr tilbúnum trefjum (þar með talið garn úr tveim eða fleiri einþáttungum í 54. kafla) og mælist meira en 10.000 decitex.
  - c. Úr hampi eða hör:
    1. Fægt eða gljád og mælist meira en 1.429 decitex.
    2. Hvorki fægt né gljád og mælist meira en 20.000 decitex.
  - d. Úr kókostrefjum úr þrem eða fleiri þáttum.
  - e. Úr öðrum trefjum úr jurtaríkinu og mælist meira en 20.000 decitex.
  - f. Styrkt með málmþræði.
- B. Undantekningar:
  - a. Garn úr ull eða öðru dýrahári og pappírsgarn, þó ekki garn styrkt með málmþræði.
  - b. Tilbúnir vöndlar í 55. kafla og margþátta garn, ósnúíð eða með minna en 5 snúningum á metra, í 54. kafla.
  - c. Silkiormaþarmar í nr. 5006 og einþáttungar í 54. kafla.
  - d. Málmgarn í nr. 5605. Garn styrkt með málmþræði fellur undir f-lið A-liðar hér að ofan.
  - e. Chenillegarn, yfirspunnið garn og lykkjurifflað (loop wale) garn í nr. 5606.
4. A. Sem garn **umbúíð til smásölu** í 50., 51., 52., 54. og 55. kafla, með þeim undantekningum sem greinir í B-lið hér að neðan, telst garn (einþráða, margþráða (snúíð) eða kaðalbrugðið) þannig umbúíð:
  - a. Á spjöldum, keflum, hólkum eða þess konar uppistöðum og vegur (að meðtalinni uppistöðu) ekki meira en:
    1. 85 g sé það úr silki, silkiúrgangi eða tilbúnum þáttum.
    2. 125 g sé það úr öðru efni.
  - b. Í hnyklum, hönkum eða hespum og vegur ekki meira en:
    1. 85 g sé það úr tilbúnum þáttum sem eru minna en 3.000 decitex, silki eða silkiúrgangi.
    2. 125 g þegar um er að ræða annað garn sem er minna en 2.000 decitex.
    3. 500 g sé það úr öðru efni.
  - c. Í hönkum eða hespum sem saman standa af smærri hönkum eða hespum aðskildum með skiptiþráðum í sjálfstæðar einingar sem eru jafnþungar og vega ekki meira en:
    1. 85 g sé það úr silki, silkiúrgangi eða tilbúnum þáttum.
    2. 125 g sé það úr öðru efni.
- B. Undantekningar:
  - a. Einþráða garn úr hvers konar spunaefni, þó ekki:
    1. Einþráða garn úr ull eða fíngerðu dýrahári, óbleikt.
    2. Einþráða garn úr ull eða fíngerðu dýrahári, bleikt, litað eða þrykkt, meira en 5.000 decitex.
  - b. Margþráða (snúíð) eða kaðalbrugðið garn, óbleikt:
    1. Úr silki eða silkiúrgangi, hvernig sem um það er búíð.
    2. Úr öðru spunaefni en ull eða fíngerðu dýrahári, í hönkum eða hespum.
  - c. Margþráða (snúíð) eða kaðalbrugðið garn úr silki eða silkiúrgangi, bleikt, litað eða þrykkt, 133 decitex eða minna.
  - d. Einþráða, margþráða (snúíð) eða kaðalbrugðið garn úr hvers konar spunaefni:
    1. Í krossbrugðnum hönkum eða hespum.
    2. Umbúíð á uppistöður eða á einhvern annan hátt sem gefur til kynna notkun þess í spunaiðnaði (t.d. á snældum, snúðhólkum, skyttuspólum, spuna-keilum eða teinum, eða undið á spólur í vefstóla til skrautvefnaðar).
5. Sem **saumþráður** í nr. 5204, 5401 og 5508 telst margþráða (snúíð) eða kaðalbrugðið garn:
  - a. Umbúíð á uppistöður (t.d. kefli eða hólka) sem vegur (að meðtalinni uppistöðu) ekki meira en 1.000 g.
  - b. Íborið til nota sem saumþráður.
  - c. Sem endar á Z-snúningi.

6. Sem **hápolið garn** í þessum flokki telst garn sem hefur þol tilgreint í cN/tex (centinewton per tex) meira en:  
 Einþráða garn úr nyloni eða öðru pólyamíði eða úr pólyesterum ..... 60 cN/tex  
 Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn úr nyloni eða öðru  
 pólyamíði eða úr pólyesterum ..... 53 cN/tex  
 Einþráða, margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn úr viskósarayon ..... 27 cN/tex
7. Sem **fullgerðar** í þessum flokki teljast eftirtaldar vörur:
- Klipptar á annan hátt en í ferninga eða rétthyrninga.
  - Fullgerðar og tilbúnar til notkunar (eða aðeins þarf að skilja að með klippingu skipti-þráða) og ekki þarf að sauma eða vinna frekar (t.d. sumar tegundir af þurrkum, handklæðum, borðdúkum, hálsklútum, ábreiðum).
  - Sniðnar til og með a.m.k. einum hitaluktum jaðri og sýnilega mjókkuduðum eða pressuðum bryddingum og hinum jöðrunum meðhöndluðum eins og lýst er í öðrum liðum þessarar athugasemdar, þó ekki dúkur með skornum jöðrum sem komið hefur verið í veg fyrir að rakni upp með heitskurði eða öðrum einföldum hætti.
  - Faldaðar eða með innabroti, eða með hnýttu kögri við einn jaðar eða fleiri, þó ekki dúkur með klipptum jöðrum sem gengið er frá með grófum sporum eða öðrum einföldum frágangi til að hindra að hann trosni.
  - Sniðnar til og þráðdregnar.
  - Saumaðar, límdar eða settar saman á annan hátt (þó ekki metravara úr tveimur eða fleiri lengdum sama efnis sem hefur verið skeytt saman á endum, og metravara samsett úr tveimur eða fleiri lögum af spunavöru, einnig með millilagi).
  - Prjónaðar eða heklaðar í endanlega mynd, hvort sem framvísað er sem aðgreind stykki eða tiltekin stykkjatala í lengju.
8. Varðandi 50.-60. kafla:
- Til 50.-55. kafla og 60. kafla og einnig, leiði ekki annað af orðalagi, til 56.-59. kafla teljast ekki tilbúnar vörur í skilningi 7. athugasemdar hér að ofan.
  - Til 50.-55. kafla og 60. kafla teljast ekki vörur sem teljast til 56.-59. kafla.
9. Sem ofinn dúkur í 50.-55. kafla telst einnig dúkur sem gerður er úr lögum samsíða spunagarns sem lögð eru í hvasst eða rétt horn hvert á annað. Lög þessi eru fest saman á mótum garnsins með límingu eða varmaaðferð.
10. Teygjanlegar vörur úr spunaefnum sem í eru gúmmíþræðir teljast til þessa flokks.
11. Með orðinu **gegndreyptur** í þessum flokki er einnig átt við **ídyfður**.
12. Með orðinu **pólyamíð** í þessum flokki er einnig átt við **aramíð**.
13. Í þessum flokki og hvarvetna í tollskránni þar sem það á við er með orðinu **teygjugarn** átt við þráðgarn, þ.m.t. einþáttungar, úr syntetísku spunaefni, þó ekki vefkennt garn, sem slitnar ekki þótt það sé teygt þrefalda upprunalega lengd sína og, eftir að hafa verið teygt tvöfalda upprunalega lengd sína, dregur sig saman innan fimm mínútna þannig að það verður ekki yfir  $1\frac{1}{2}$  upprunaleg lengd.
14. Leiði ekki annað af orðalagi skal spunafatnaður í mismunandi vöruliðum flokkast í sína vöruliði þótt hann sé umbúinn í samstæður til smásölu. Með orðinu **spunafatnaður** í þessari athugasemd er átt við fatnað sem telst til nr. 6101-6114 og 6201-6211.

### Athugasemdir við undirliði:

1. Í þessum flokki og hvarvetna í tollskránni þar sem það á við hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem þeim er hér með gefin:
  - a. **Óbleikt garn.**

Garn sem:

    1. hefur náttúrlegan lit frumtrefja sinna og hefur ekki verið bleikt, litað (einnig gegnlitað) eða þrykkt,
    2. hefur óvissan lit (grátt garn) og unnið er úr tættu hráefni.Slíkt garn má hafa hlotið aðvinnslu með litlausu efni eða óekta lit (sem hverfur eftir einfaldan sápuþvott) og, þegar um er að ræða tilbúnar trefjar, gegnunnin með efni til að eyða gljáa (t.d. títrandíoxíð).
  - b. **Bleikt garn.**

Garn sem:

    1. hlotið hefur aðvinnslu til bleikingar, er gert úr bleiktum trefjum eða, leiði ekki annað af orðalagi, hefur verið litað hvítt (einnig gegnlitað) eða fengið aðvinnslu með hvíttri steiningu,
    2. gert er úr blöndu af óbleiktum og bleiktum trefjum,
    3. er margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið og gert úr óbleiktu og bleiktu garni.
  - c. **Litað garn (með litunarefni eða þrykkt).**

Garn sem:

    1. er litað (einnig gegnlitað) þó ekki hvítt eða í óekta lit, eða þrykkt, eða gert úr lituðum eða þrykktum trefjum,
    2. gert er úr blöndu óbleiktra eða bleiktra trefja með lituðum trefjum (litblendi eða garnblöndu), eða þrykkt í einum eða fleiri litum með millibili sem gefur útlit punkta,
    3. gert er úr þrykktum flísum eða ræmum,
    4. er margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið og gert úr óbleiktu eða bleiktu garni og lituðu garni.Framangreindar skýrgreiningar gilda einnig, að breyttu breytanda, um einþáttingu og ræmur eða þess háttar í 54. kafla.
  - d. **Óbleiktur ofinn dúkur.**

Ofinn dúkur gerður úr óbleiktu garni sem hefur ekki verið bleiktur, litaður eða þrykktur. Slíkur dúkur má hafa hlotið aðvinnslu með litlausu efni eða óekta lit.
  - e. **Bleiktur ofinn dúkur.**

Ofinn dúkur sem:

    1. hefur verið bleiktur eða, leiði ekki annað af orðalagi, hefur verið litaður hvítur eða fengið aðvinnslu með hvítu efni, sem metravara,
    2. er gerður úr bleiktu garni,
    3. er gerður úr óbleiktu og bleiktu garni.
  - f. **Litaður ofinn dúkur.**

Ofinn dúkur sem:

    1. litaður er í einn jafnan lit annan en hvítt (leiði ekki annað af orðalagi) eða hefur með aðvinnslu fengið litaráferð aðra en hvíta (leiði ekki annað af orðalagi), í metratali,
    2. er gerður úr lituðu garni í einum jöfnum lit.
  - g. **Ofinn dúkur úr garni í mismunandi litum.**

Ofinn dúkur (þó ekki þrykktur ofinn dúkur) sem:

    1. er gerður úr garni í mismunandi litum eða úr garni í mismunandi tilbrigðum sama litar (þó ekki náttúrlegum lit frumtrefjanna),
    2. er gerður úr óbleiktu eða bleiktu garni og lituðu garni,
    3. er gerður úr litblendi eða garnblöndu. (Ekki skal í neinu tilviki tekið tillit til garns í frágangi jaðra eða enda).
  - h. **Þrykktur ofinn dúkur.**

Ofinn dúkur sem hefur verið þrykktur í metratali, einnig gerður úr garni í mismunandi litum.

(Eftirtalið telst einnig vera þrykktur ofinn dúkur: Ofinn dúkur með mynstri sem gert er t.d. með pensli eða úðabyssu, þrykkipappír, hnökri eða batikaðferð.)

Mersiaðvinnsla hefur ekki áhrif á flokkun garns eða dúks í framangreindum hugtökum.

Skýrgreiningar í d- til h-liðar hér að framan gilda, að breyttu breytanda, um þrjónaðan eða heklaðan dúk.

ij. **Einfaldur vefnaður.**

Dúkur þar sem hver ívafsþráður fer til skiptis yfir eða undir uppistöðuþræði sem eru í röð og hver uppistöðuþráður fer til skiptis yfir eða undir ívafsþræði sem eru í röð.

2. A. Vörur í 56.-63. kafla sem eru úr tveimur eða fleiri spunaefnum skulu teljast vera að öllu leyti úr því spunaefni sem fyrir valinu yrði samkvæmt 2. athugasemd við þennan flokk við flokkun á vöru í 50.-55. kafla eða í nr. 5809 úr sömu spunaefnum.
- B. Þegar þessari reglu er beitt:
